# Sveitarfélagið Skagafjörður

# Ársreikningur
# 2002

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Kt. 550698-2349

# Efnisyfirlit


Áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .................... 3
Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna ............. 4
Rekstrarreikningur ................................................. 5
Efnahagsreikningur ............................................... 6
Yfirlit um sjóðstreymi ........................................... 8
Skýringar ............................................................... 9

# Áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur sveitarfélagsins Skagafjarðar er gerður í samræmi sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Helsta breyting í ársreikningnum frá því sem var á fyrra ári snýr að nýrri skipan rekstrareininga sveitarfélagsins, en starfseminni er nú skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.808,2 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta 1.560,7 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% en lögbundið hámark þess er 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignagjalda í A-flokki nam 0,43% á Sauðárkróki en 0,42% á öðrum stöðum í sveitarfélaginu en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,58% á Sauðárkróki en 1,39% á öðrum stöðum í sveitarfélaginu en lögbundið hámark þess er 1,32 % auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu beggja flokkanna um allt að 25%. Rekstarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 7,3 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 22,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2002 nam 1.254,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 1.001,5 millj. kr.

Sveitarstjórn Skagafjarðar og sveitarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Skagafirði, í júní 2003

Sveitarstjórn:



Sveitarstjóri:

# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

Til sveitarstjórnar Skagafjarðar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 40. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Skagafirði, 16. júní 2003

***KPMG Endurskoðun hf.***

***Kjörnir skoðunarmenn***

# Rekstrarreikningur ársins 2002

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Ársreikningur | Áætlun | Ársreikningur | Áætlun |
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Skatttekjur | 19 | 813.310.716 | 832.000.000 | 805.081.607 | 824.000.000 |
| Framlag jöfnunarsjóðs | 19 | 339.740.211 | 283.465.000 | 339.740.211 | 283.465.000 |
| Aðrar tekjur | 19 | 407.619.234 | 518.223.000 | 663.386.749 | 724.212.000 |
| | | 1.560.670.161 | 1.633.688.000 | 1.808.208.567 | 1.831.677.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 20 | 845.227.477 | 788.732.000 | 882.895.530 | 816.462.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 21 | 591.978.322 | 513.581.000 | 708.076.449 | 566.107.000 |
| | | 1.437.205.799 | 1.302.313.000 | 1.590.971.979 | 1.382.569.000 |
| Afskriftir | 24,25 | 59.754.420 | 59.029.000 | 133.618.760 | 132.148.000 |
| | | 1.496.960.219 | 1.361.342.000 | 1.724.590.739 | 1.514.717.000 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 63.709.942 | 272.346.000 | 83.617.828 | 316.960.000 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 22 | ( 41.698.300 ) | ( 54.695.000 ) | ( 90.920.599 ) | ( 166.485.000 ) |
| **Rekstrarniðurstaða (neikvæð)** | | 22.011.642 | 217.651.000 | ( 7.302.771 ) | 150.475.000 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2002 | Sveitarsjóður A hluti 2001 | Samantekið A og B hluti 2002 | Samantekið A og B hluti 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 24,25 | 1.706.074.765 | 1.478.592.598 | 2.560.424.713 | 2.600.259.174 |
| Gatnakerfi, áhöld og tæki | 24,25 | 44.980.808 | 14.891.176 | 49.317.254 | 19.196.462 |
| Veitukerfi og hafnarmannvirki | 24,25 | 0 | 0 | 808.343.676 | 795.624.078 |
| | | 1.751.055.573 | 1.493.483.774 | 3.418.085.643 | 3.415.079.714 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 30 | 141.159.151 | 231.423.038 | 43.123.999 | 170.250.703 |
| Langtímakröfur | 8 | 10.326.010 | 9.790.158 | 11.592.205 | 11.806.371 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 8 | 164.092.813 | 189.952.352 | 0 | 0 |
| | | 315.577.974 | 431.165.548 | 54.716.204 | 182.057.074 |
| Fastafjármunir | | 2.066.633.547 | 1.924.649.322 | 3.472.801.847 | 3.597.136.788 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | |
| Birgðir | | 0 | 0 | 9.079.813 | 8.604.613 |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 9,31 | 146.865.345 | 149.763.606 | 167.482.968 | 163.642.593 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 72.534.328 | 119.615.029 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9,31 | 106.838.758 | 102.279.688 | 123.000.125 | 152.429.816 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 8 | 35.873.042 | 32.236.062 | 7.160.236 | 5.917.044 |
| Handbært fé | 10 | 46.532.843 | 1.110.157 | 75.221.996 | 4.861.509 |
| Veltufjármunir | | 408.644.316 | 405.004.542 | 381.945.138 | 335.455.575 |
| **Eignir samtals** | | 2.475.277.863 | 2.329.653.864 | 3.854.746.985 | 3.932.592.363 |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | 11 | | | | |

# 31. desember 2002

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2002 | Sveitarsjóður A hluti 2001 | Samantekið A og B hluti 2002 | Samantekið A og B hluti 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur...................................................... | 32 | 1.001.523.232 | 979.511.590 | 1.254.203.918 | 1.261.506.689 |
| **Skuldbindingar:** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding.................................................... | 33 | 277.866.095 | 234.021.033 | 299.835.894 | 284.946.658 |
| Aðrar skuldbindingar................................................... | 34 | 0 | 0 | 2.733.411 | 9.596.760 |
| | | 277.866.095 | 234.021.033 | 302.569.305 | 294.543.418 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir.............................................. | 35 | 749.173.511 | 717.206.948 | 1.875.231.810 | 1.792.921.992 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir.............................................. | | 45.000.000 | 8.000.000 | 45.000.000 | 8.000.000 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki............................................ | | 97.595.135 | 35.014.342 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda............................ | 34,36 | 128.317.390 | 121.328.483 | 181.052.070 | 300.514.965 |
| Aðrar skammtímaskuldir............................................. | | 175.802.500 | 234.571.468 | 196.689.882 | 275.105.299 |
| | | 446.715.025 | 398.914.293 | 422.741.952 | 583.620.264 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 1.473.754.631 | 1.350.142.274 | 2.600.543.067 | 2.671.085.674 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.475.277.863 | 2.329.653.864 | 3.854.746.985 | 3.932.592.363 |
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings .................** | 38 | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2002

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti Ársreikningur | Sveitarsjóður A hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti Ársreikningur | Samantekið A og B hluti Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi (neikvæð).............. | 32 | 22.011.642 | 217.651.000 | ( 7.302.771 ) | 150.475.000 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir ............................................................... | 24,25 | 59.754.420 | 59.029.000 | 133.618.760 | 132.148.000 |
| Verðbætur og gengismunur .................................. | | 12.309.191 | 34.231.000 | 21.568.482 | 82.657.000 |
| (Hagnaður), tap af sölu rekstrarfjármuna .............. | | 0 | 0 | ( 416.079 ) | |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu ........................... | 33 | 48.841.427 | 0 | 21.178.000 | 0 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 142.916.680 | 310.911.000 | 168.646.392 | 365.280.000 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun ..................................... | | 0 | 0 | ( 475.200 ) | 0 |
| Óinnheimtar skatttekjur, hækkun .......................... | | 2.898.261 | 0 | ( 3.840.375 ) | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur, hækkun .......................... | | ( 4.559.070 ) | 0 | 29.429.691 | 1.348.000 |
| Skammtímaskuldir, lækkun .................................. | | ( 58.768.968 ) | 7.480.000 | ( 78.415.417 ) | 7.480.000 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 60.429.777 ) | 7.480.000 | ( 53.301.301 ) | 8.828.000 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 82.486.903 | 318.391.000 | 115.345.091 | 374.108.000 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum................. | 24,25 | ( 331.326.219 ) | ( 64.075.000 ) | ( 150.908.610 ) | ( 120.800.000 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna................................. | | 14.000.000 | 0 | 14.700.000 | 0 |
| Eignarhlutir í félögum, breyting.................................. | | 90.263.887 | 62.151.000 | 127.126.704 | 61.151.000 |
| Langtímakröfur, breyting............................................. | | ( 1.281.796 ) | 3.425.000 | ( 690.734 ) | 4.193.000 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.................. | | 27.590.302 | 27.603.000 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 200.753.826 ) | 29.104.000 | ( 9.772.640 ) | ( 55.456.000 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting..................... | | 109.661.494 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán................................................... | | 164.279.414 | 0 | 390.730.636 | 223.000.000 |
| Afborganir langtímalána.............................................. | | ( 142.254.934 ) | ( 117.796.000 ) | ( 449.790.487 ) | ( 283.312.000 ) |
| Afborgun skuldbindinga.............................................. | | ( 4.996.365 ) | 0 | ( 13.152.113 ) | 0 |
| Skammtímalán, breyting.............................................. | | 37.000.000 | 0 | 37.000.000 | 3.402.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 163.689.609 | ( 117.796.000 ) | ( 35.211.964 ) | ( 56.910.000 ) |
| **Hækkun á handbæru fé ...........................................** | | 45.422.686 | 229.699.000 | 70.360.487 | 261.742.000 |
| **Handbært fé í ársbyrjun ..........................................** | | 1.110.157 | 1.110.000 | 4.861.509 | 4.009.000 |
| **Handbært fé í árslok ................................................** | | 46.532.843 | 230.809.000 | 75.221.996 | 265.751.000 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

***Grundvöllur reikningsskilanna***

1. Ársreikningur Skagafjarðar árið 2002 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr 45/1998.

   Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Skagafjarðarveitur ehf., Rafveita, Húseignir Skagafjarðar ehf., Fráveita og Félagslegar íbúðir.

   Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 144/1994, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringum 16 - 18 byggir ársreikningurinn í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

   Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

***Innlausn tekna***

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

   Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

   Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

   Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

***Lotun gjalda***

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

***Verðlags- og gengisviðmið***

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.:

***Varanlegir rekstrarfjármunir***

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting á árinu 2002 vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum á árinu.

***Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna***

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar................................ | 25 - 40 ár |
| Hafnarmannvirki................................ | 25 - 40 ár |
| Veitukerfi................................ | 25 ár |
| Gatnakerfi................................ | 25 ár |
| Áhöld og búnaður................................ | 5-10 ár |

***Eignarhlutir í félögum***

7. Í ársreikningi A hluta eru eignarhlutir í félögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta í árslok 2001 er óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild sveitarfélagsins í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn. Eignarhlutir í félögum, þar sem sveitarfélagið á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

***Langtímakröfur***

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

***Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur***

9. Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

***Handbært fé***

10. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## Skýringar, frh.:

***Eignir utan efnahagsreiknings***

11. Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hafa verið gjaldfærð eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

***Lífeyrisskuldbinding***

12. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 1999. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu, miðað við lífeyrisvísitölu fyrir opinbera starfsmenn, er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 33.

***Langtímaskuldir***

13. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

***Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings***

14. Skrá um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 38.

***Fjárhagsáætlun***

15. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2002 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

***Skipan rekstrareininga A hluta og B hluta***

16. Í samræmi við reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga er flokkun rekstrareininga í ársreikningnum breytt miðað við skipulag fyrri ára. Hér er um að ræða fráveitu sem færist til B hluta, en rekstur þess fyrirtækis er fjármagnaður með þjónustugjöldum og er fjárhagslega aðgreindur frá aðalsjóði. Jafnframt byggir ársreikningurinn almennt á reglum um gagnsæja færslu raunkostnaðar hjá hverri rekstrareiningu, m.a. með færslu innri leigu og hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði.

***Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna***

17. Á grundvelli reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga eru nær allar húseignir aðalsjóðs færðar til eignasjóðs, auk ýmissa annarra varanlegra rekstrarfjármuna. Þessir varanlegu rekstrarfjármunir eru yfirfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði eða á reiknuðu viðmiðunarverði, að frádregnum afskriftum. Hér er einkum um að ræða þær húseignir í eigu sveitarfélagsins, sem þjóna lögbundnum verkefnum þess, svo sem leikskóla, grunnskóla, íþróttamannvirki og önnur mannvirki sem tilheyra A hluta starfseminnar. Húseignir sveitarfélagsins voru áður eignfærðar við fasteignamati og ekki afskrifaðar.

Fjárfestingar í lausafé og gatna- og fráveituframkvæmdir voru áður færðar til gjalda á fjárfestingarári en eru nú eignfærðar og afskrifaðar miðað við áætlaðan nýtingartíma. Fráveitukerfi sveitarfélagsins er nú eignfært hjá Fráveitu Skagafjarðar en fráveitukerfi sveitarfélagsins var ekki eignfært áður.

Samanburðarfjárhæðum í ársreikningnum hefur verið breytt til samræmis við framangreindar breytingar.

***Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila***

18. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 er ekki færð verðleiðrétting í ársreikning sveitarfélagsins. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning og eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á neysluverðsvísitölu eða fasteignamati eru nú færðar á kostnaðarverði. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok ársins eins og áður var.

Í samræmi við alþjóðlegar reglur um breytingar úr verðleiðréttum reikningsskilum í óverðleiðrétt er samanburðarfjárhæðum í reikningnum ekki breytt.

## Rekstrartekjur

19. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | **Sveitarsjóður A hluti** | | **Samantekið A og B hluti** | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2002 | Áætlun 2002 | Ársreikningur 2002 | Áætlun 2002 |
| *Skatttekjur:* | | | | |
| Útsvar....................................................... | 709.531.346 | 725.600.000 | 709.531.346 | 725.600.000 |
| Fasteignaskattar........................................ | 86.658.643 | 89.000.000 | 78.429.534 | 81.000.000 |
| Lóðaleiga.................................................. | 17.120.727 | 17.400.000 | 17.120.727 | 17.400.000 |
| | 813.310.716 | 832.000.000 | 805.081.607 | 824.000.000 |
| *Jöfnunarsjóður:* | | | | |
| Tekjujöfnunarframlag................................ | 63.775.078 | 47.000.000 | 63.775.078 | 47.000.000 |
| Framlag vegna fasteignaskatts.................. | 59.963.784 | 50.000.000 | 59.963.784 | 50.000.000 |
| Þjónustuframlag....................................... | 85.302.550 | 58.000.000 | 85.302.550 | 58.000.000 |
| Framlög vegna grunnskóla....................... | 114.411.049 | 114.200.000 | 114.411.049 | 114.200.000 |
| Önnur framlög.......................................... | 16.287.750 | 14.265.000 | 16.287.750 | 14.265.000 |
| | 339.740.211 | 283.465.000 | 339.740.211 | 283.465.000 |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals....... | 1.153.050.927 | 1.115.465.000 | 1.144.821.818 | 1.107.465.000 |

## Skýringar, frh.:

### Rekstrartekjur

19. Frh.

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2002 | Áætlun 2002 | Ársreikningur 2002 | Áætlun 2002 |
| *Aðrar tekjur:* | | | | |
| Þjónustutekjur.......................................... | 155.360.316 | 154.894.000 | 405.483.199 | 378.023.000 |
| Eignatekjur............................................... | 15.658.599 | 11.600.000 | 15.658.599 | 11.600.000 |
| Endurgreiðslur.......................................... | 23.349.441 | 19.734.000 | 28.846.342 | 25.194.000 |
| Aðrar tekjur.............................................. | 213.250.878 | 331.995.000 | 213.398.609 | 309.395.000 |
| | 407.619.234 | 518.223.000 | 663.386.749 | 724.212.000 |
| Rekstrartekjur samtals.............................. | 1.560.670.161 | 1.633.688.000 | 1.808.208.567 | 1.831.677.000 |

### Laun og launatengd gjöld

20. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Laun......................................................... | 696.408.349 | 674.277.000 | 729.110.089 | 697.457.000 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu............... | 17.405.875 | | 21.178.000 | |
| Launatengd gjöld...................................... | 131.413.253 | 114.455.000 | 132.607.441 | 119.005.000 |
| Laun og launatengd gjöld samtals............ | 845.227.477 | 788.732.000 | 882.895.530 | 816.462.000 |
| Stöðugildi að meðaltali............................. | 274 | 274 | 280 | 280 |

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 14,2 millj. kr. á árinu 2002 en þar af námu biðlaun um 6,3 millj. kr..

### Annar rekstrarkostnaður

21. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vöru- og þjónustukaup............................. | 390.568.014 | 383.085.000 | 450.668.964 | 416.642.000 |
| Skattar og önnur opinber gjöld................. | 3.740.688 | 2.115.000 | 4.439.292 | 2.964.000 |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður.......... | 197.669.620 | 128.381.000 | 252.968.193 | 146.501.000 |
| | 591.978.322 | 513.581.000 | 708.076.449 | 566.107.000 |

## Skýringar, frh.:

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

22. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | **Sveitarsjóður A hluti** | | **Samantekið A og B hluti** | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2002 | Áætlun 2002 | Ársreikningur 2002 | Áætlun 2002 |
| Vaxtatekjur og verðbætur.......................... | 14.956.979 | 8.100.000 | 47.640.810 | 9.600.000 |
| Vaxtagjöld og verðbætur........................... | ( 81.440.284 ) | ( 80.700.000 ) | ( 153.306.891 ) | ( 176.085.000 ) |
| Vextir af eigin fyrirtækjum........................ | 24.274.586 | 17.905.000 | 0 | 0 |
| Gengismunur............................................ | 510.419 | 0 | 14.745.482 | 0 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samt......... | ( 41.698.300 ) | ( 54.695.000 ) | ( 90.920.599 ) | ( 166.485.000 ) |

### Heildaryfirlit um rekstur

23. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | **Ársreikningur 2002** | | | **Áætlun 2002** |
|---|---|---|---|---|
| *Aðalsjóður:* | *Gjöld* | *Tekjur* | *Mismunur* | *Nettó* |
| Skatttekjur ............................................. | | 1.150.451.363 | 1.150.451.363 | 1.113.200.000 |
| Félagsþjónusta ....................................... | 154.936.771 | 110.663.966 | ( 44.272.805 ) | ( 57.145.000 ) |
| Heilbrigðismál ....................................... | 10.656.005 | | ( 10.656.005 ) | ( 6.597.000 ) |
| Fræðslumál ............................................ | 754.762.669 | 64.044.223 | ( 690.718.446 ) | ( 658.483.000 ) |
| Menningarmál ........................................ | 70.681.368 | 16.868.278 | ( 53.813.090 ) | ( 45.196.000 ) |
| Æskulýðs og íþróttamál .......................... | 201.102.179 | 29.451.537 | ( 171.650.642 ) | ( 175.080.000 ) |
| Brunamál og almmannavarnir ................. | 36.904.413 | 10.702.848 | ( 26.201.565 ) | ( 22.712.000 ) |
| Hreinlætismál ........................................ | 30.378.524 | 18.088.370 | ( 12.290.154 ) | ( 18.845.000 ) |
| Skipulags- og byggingarmál .................. | 35.756.718 | 5.829.067 | ( 29.927.651 ) | ( 32.350.000 ) |
| Samgöngumál ........................................ | 30.129.067 | 2.701.800 | ( 27.427.267 ) | ( 31.895.000 ) |
| Umhverfismál ........................................ | 35.300.095 | 2.351.838 | ( 32.948.257 ) | ( 25.645.000 ) |
| Atvinnumál ............................................ | 67.727.473 | 3.400.000 | ( 64.327.473 ) | ( 31.274.000 ) |
| Framlög til B-hluta ................................ | | | 0 | |
| Sameiginlegur kostnaður ....................... | 151.490.568 | 151.084.033 | ( 406.535 ) | 146.255.000 |
| Óvenjulegir liðir .................................... | | | 0 | |
| Fjármagnsliðir ........................................ | 81.440.284 | 138.102.629 | 56.662.345 | 69.113.000 |
| Aðalsjóður samtals | 1.661.266.134 | 1.703.739.952 | 42.473.818 | 223.346.000 |
| *A-hluta stofnanir:* | | | | |
| Eignasjóður ............................................ | 192.368.370 | 193.173.734 | 805.364 | 17.359.000 |
| Þjónustustöð .......................................... | 50.211.841 | 28.944.301 | ( 21.267.540 ) | ( 23.054.000 ) |
| Innri færslur A hluta .............................. | ( 325.445.842 ) | ( 325.445.842 ) | 0 | 0 |
| **A-hluti samtals** | **1.578.400.503** | **1.600.412.145** | **22.011.642** | **217.651.000** |

## Skýringar, frh.:

23. Frh.

| | Ársreikningur 2002 | | | Áætlun 2002 |
|---|---|---|---|---|
| | *Gjöld* | *Tekjur* | *Mismunur* | *Nettó* |
| *B-hluta fyrirtæki:* | | | | |
| Hafnarsjóður .......................................... | 38.548.380 | 27.366.341 | ( 11.182.039 ) | ( 8.745.000 ) |
| Vatnsveita .............................................. | 17.150.117 | 29.841.675 | 12.691.558 | 9.215.000 |
| Skagafjarðarveitur ehf. ......................... | 120.625.648 | 144.532.403 | 23.906.755 | 8.396.000 |
| Rafveita ............................................... | 21.862.017 | | ( 21.862.017 ) | 0 |
| Húseignir Skagafjarðar ehf. .................. | 33.870.745 | 32.869.011 | ( 1.001.734 ) | ( 4.326.000 ) |
| Fráveita .................................................. | 33.753.896 | 28.828.465 | ( 4.925.431 ) | ( 3.883.000 ) |
| Félagslegar íbúðir .................................. | 68.566.586 | 41.625.081 | ( 26.941.505 ) | ( 67.833.000 ) |
| Innri færslur A og B hluta ...................... | ( 48.395.315 ) | ( 48.395.315 ) | 0 | 0 |
| **A og B-hluti samtals** | **1.864.382.577** | **1.857.079.806** | **( 7.302.771 )** | **150.475.000** |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### *A hluti*

24. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Gatnakerfi | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2002................................ | 3.603.007.081 | 0 | 17.519.031 | 3.620.526.112 |
| Afskrifað áður.......................................... | ( 2.124.414.483 ) | 0 | ( 2.627.855 ) | ( 2.127.042.338 ) |
| Bókfært verð 1.1.2002............................. | 1.478.592.598 | 0 | 14.891.176 | 1.493.483.774 |
| Viðbót á árinu........................................... | 297.622.279 | 28.024.419 | 5.679.521 | 331.326.219 |
| Selt á árinu............................................... | ( 14.000.000 ) | 0 | 0 | ( 14.000.000 ) |
| Afskrifað á árinu....................................... | ( 56.140.112 ) | ( 560.489 ) | ( 3.053.819 ) | ( 59.754.420 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2002........................ | 1.706.074.765 | 27.463.930 | 17.516.878 | 1.751.055.573 |
| Samtals heildarverð 31.12.2002................ | 3.886.629.360 | 28.024.419 | 23.198.552 | 3.937.852.331 |
| Afskrifað samtals...................................... | ( 2.180.554.595 ) | ( 560.489 ) | ( 5.681.674 ) | ( 2.186.796.758 ) |
| Bókfært verð 31.12.2002.......................... | 1.706.074.765 | 27.463.930 | 17.516.878 | 1.751.055.573 |
| Afskriftarhlutföll...................................... | 0-4% | 4,0% | 15,0% | |

Fjárfesting á árinu vegna nýrra gatna nam 35,3 millj. kr. og er hún eignfærð efnahagsreikningi að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum á árinu, að fjárhæð 7,3 millj. kr. eða 28,0 millj. kr.

***A og B hluti***

25. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Veitu- og hafnarmannvirki | Gatnakerfi, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2002.............................. | 4.850.449.014 | 2.266.046.833 | 40.998.621 | 7.157.494.468 |
| Afskrifað áður.......................................... | ( 2.250.189.840 ) | ( 1.470.422.755 ) | ( 21.802.159 ) | ( 3.742.414.754 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2002............................ | 2.600.259.174 | 795.624.078 | 19.196.462 | 3.415.079.714 |
| Viðbót á árinu........................................... | 54.253.125 | 61.544.484 | 35.111.001 | 150.908.610 |
| Selt á árinu............................................... | ( 14.000.000 ) | | ( 283.921 ) | ( 14.283.921 ) |
| Afskrift á árinu......................................... | ( 80.087.586 ) | ( 48.824.886 ) | ( 4.706.288 ) | ( 133.618.760 ) |
| Bókfært verð 31.12.2002......................... | 2.560.424.713 | 808.343.676 | 49.317.254 | 3.418.085.643 |
| Samtals heildarverð 31.12.2002............... | 4.890.702.139 | 2.327.591.317 | 75.825.701 | 7.294.119.157 |
| Afskrifað samtals...................................... | ( 2.330.277.426 ) | ( 1.519.247.641 ) | ( 26.508.447 ) | ( 3.876.033.514 ) |
| Bókfært verð 31.12 2002......................... | 2.560.424.713 | 808.343.676 | 49.317.254 | 3.418.085.643 |
| Afskriftarhlutföll...................................... | 0-4 | 2,5-4% | 4-20% | |

26. Afskriftir í rekstrarreikningi A og B hluta greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna...................................................................................................... | 133.618.760 |
| Fært í rekstrarreikning.............................................................................................................................. | 133.618.760 |

***Fasteignamat og vátryggingaverð***

27. Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

| | Brunabótamat | Fasteignamat | Bókfært verð 31.12.2002 |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði ............................................................................ | 1.655.824.000 | 585.188.000 | 642.745.687 |
| Leikskólar ................................................................................. | 143.410.000 | 47.641.000 | 103.891.558 |
| Íþróttamannvirki ....................................................................... | 589.486.000 | 229.676.000 | 520.777.150 |
| Íbúðarhúsnæði .......................................................................... | 1.480.253.000 | 631.054.000 | 917.695.306 |
| Félagsheimili ............................................................................ | 376.955.000 | 123.898.000 | 46.542.555 |
| Aðrar fasteignir ......................................................................... | 851.600.000 | 336.446.000 | 327.468.948 |
| Veitumannvirki ......................................................................... | | | 639.630.530 |
| Hafnarmannvirki ....................................................................... | | | 168.713.146 |
| Gatnakerfi ................................................................................ | | | 27.463.930 |
| Byggingalóðir ........................................................................... | | | 1.303.509 |
| Bifreiðar, áhöld og tæki ............................................................ | | | 21.853.324 |
| Samtals ..................................................................................... | 5.097.528.000 | 1.953.903.000 | 3.418.085.643 |

## Skýringar, frh.:

***Viðlagatrygging***

28. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki og hafnarmannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti vegna fráveitu nemur 535,7 millj. kr., vatnsveitu kr. 314,9 millj. kr., hitaveitu 315,9 millj. kr. og hafnarmannvirkja kr. 884,7 millj. kr.

***Tryggingaverð lausafjármuna***

29. Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 62.825.000 | 62.825.000 |
| Íþróttamannvirki | 29.698.000 | 29.698.000 |
| Leikskólar | 29.127.000 | 29.127.000 |
| Slökkvistöðvar | 7.997.000 | 7.997.000 |
| Félagsmiðstöð | 2.284.000 | 2.284.000 |
| Tónlistarskóli | 11.423.000 | 11.423.000 |
| Minjahús | 11.423.000 | 11.423.000 |
| Áhaldahús | 4.569.000 | 4.569.000 |
| Ráðhús | 11.423.000 | 11.423.000 |
| Félagsheimili | 38.840.000 | 38.840.000 |
| Tjaldstæði | 1.143.000 | 1.143.000 |
| Hafnarhús | | 2.284.000 |
| Gróðurhús | | 1.143.000 |
| Búnaður Hitaveitu | | 4.569.000 |
| | 210.752.000 | 218.748.000 |

## Eignarhlutir í félögum

30. Bókfært verð eignarhluta í félögum greinast þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Eyvindarstaðaheiði ehf | 360.000 | 360.000 |
| Ferðasmiðjan ehf | 3.500.000 | 3.500.000 |
| Fjölnet hf | 1.041.271 | 2.147.064 |
| Fluga hf | 12.000.000 | 12.000.000 |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | 198.401 | 198.401 |
| Hringur - Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf | 16.345.862 | 20.691.725 |
| Húseignir Skagafjarðar ehf | 100.000.000 | 0 |
| Höfði ehf | 3.750.000 | 3.750.000 |
| Netorka hf | 0 | 843.430 |
| Sjávarleður hf | 16.333.666 | 16.333.666 |
| Snorri Þorfinnsson ehf | 3.000.000 | 3.000.000 |
| Tækifæri hf | 16.500.000 | 16.500.000 |
| Vaka hf | 496.000 | 496.000 |
| Önnur félög | 133.951 | 134.576 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | ( 32.500.000 ) | ( 36.830.863 ) |
| | 141.159.151 | 43.123.999 |

### Skammtímakröfur og verðbréf

31 Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 116.854.000 | 134.329.953 |
| Tapaðar kröfur á árinu | ( 10.425.932 ) | ( 11.243.853 ) |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 39.609.932 | 28.601.900 |
| Niðurfærsla í árslok | 146.038.000 | 151.688.000 |

### Eigið fé

32. Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 31.12.2001 | 638.486.471 | 962.023.685 |
| Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna, breyting | 376.234.546 | 299.483.004 |
| Niðurfærð viðskiptastaða félagslegra íbúða | ( 35.209.427 ) | 0 |
| Eigið fé 1.1. 2002 | 979.511.590 | 1.261.506.689 |
| Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) | 22.011.642 | ( 7.302.771 ) |
| Eigið fé 31.12. 2002 | 1.001.523.232 | 1.254.203.918 |

### Lífeyrisskuldbinding

33. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð fjárhæð 6,3 millj. kr., er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2002 greinist þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2002 | 234.021.033 | 284.946.658 |
| Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu | 17.405.875 | 21.178.000 |
| Lífeyrisskuldbinding Rafveitu færð á sveitarsjóð | 31.435.552 | |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu | ( 4.996.365 ) | ( 6.288.764 ) |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2002 | 277.866.095 | 299.835.894 |

## Skýringar, frh.:

### Aðrar skuldbindingar

34. Tengigjöld notenda hitaveitu, sem námu alls 9,6 millj. kr. í árslok 2002, eru tekjufærð á afskriftatíma stofnkostnaðar heimæða og heimtauga og verða því færð í rekstrarreikning á 5 árum. Sem fyrirfram innheimtar tekjur af tengigjöldum eru færðar 6,9 millj. kr. meðal næsta árs afborgana langtímaskulda í efnahagsreikning, en meðal annarra skuldbindinga 2,7 millj. kr.

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Tengigjöld hitaveitu | 0 | 9.596.761 |
| Næsta árs afborgun | 0 | ( 6.863.350 ) |
| Tengigjöld samtals | 0 | 2.733.411 |

### Langtímaskuldir

35. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 11.040.515 | 85.030.161 |
| Skuldir í GBP | 0 | 25.672.789 |
| Skuldir í JPY | 0 | 35.500.043 |
| Skuldir í EUR | 8.256.329 | 81.793.543 |
| Skuldir í CHF | 0 | 18.189.246 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 858.194.057 | 1.803.234.748 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 877.490.901 | 2.049.420.530 |
| Gjaldfallnar og næsta árs afborganir | ( 128.317.390 ) | ( 174.188.720 ) |
| Langtímaskuldir samtals | 749.173.511 | 1.875.231.810 |

36. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | Sveitarsjóður A hluti | Samantekið A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2003 | 128.317.390 | 174.188.720 |
| Árið 2004 | 125.867.627 | 171.936.486 |
| Árið 2005 | 109.832.615 | 156.654.702 |
| Árið 2006 | 86.757.069 | 298.798.649 |
| Árið 2007 | 70.723.330 | 101.090.572 |
| Síðar | 355.992.870 | 1.146.751.401 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 877.490.901 | 2.049.420.530 |

### Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

37. Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A-hluti ................................................... | 100% | 2.475.277.863 | 1.473.754.631 | 1.001.523.232 |
| Hafnarsjóður .......................................... | 100% | 189.662.481 | 86.476.270 | 103.186.211 |
| Vatnsveita .............................................. | 100% | 118.140.194 | 3.076.934 | 115.063.260 |
| Skagafjarðarveitur ehf. ......................... | 100% | 413.698.952 | 299.725.955 | 113.972.997 |
| Rafveita ............................................... | 100% | 0 | 0 | 0 |
| Húseignir Skagafjarðar ehf. .................. | 100% | 97.690.650 | 0 | 97.690.650 |
| Fráveita .................................................. | 100% | 204.613.476 | 209.538.907 | ( 4.925.431 ) |
| Félagslegar íbúðir ................................ | 100% | 819.542.399 | 891.849.400 | ( 72.307.001 ) |
| Millifærslur, innbyrðis staða .................. | | ( 463.879.030 ) | ( 363.879.030 ) | ( 100.000.000 ) |
| **Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2002 ...** | | **3.854.746.985** | **2.600.543.067** | **1.254.203.918** |

### Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

38. Á sveitarsjóði hvíla ýmsar ábyrgðarskuldbindingar gagnvart þriðja aðila að fjárhæð 53,9 millj. kr. í árslok 2002. Sveitarfélagið hefur gert samning við Ungmennafélagið Tindastól um uppbyggingu skíðasvæðis. Samningurinn skuldbindur sveitarfélagið til að greiða árlegt framlag til uppbyggingar skíðasvæðisins næstu 7 ár. Fjárhæð samningsins í árslok 2002 nemur um 48,2 millj. kr. og hefur fjárhæðin ekki verið færð til skuldar í efnahagsreikningi.

## Skýringar, frh.:

### Lykiltölur

39. Yfirlit um lykiltölur:

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur | Áætlun | Ársreikningur | Áætlun |
| ***Í hlutfalli við rekstrartekjur:*** | | | | |
| Skatttekjur.................................................................. | 52,1% | 50,9% | 44,5% | 45,0% |
| Framlög jöfnunarsjóðs................................................. | 21,8% | 17,4% | 18,8% | 15,5% |
| Aðrar tekjur................................................................. | 26,1% | 31,7% | 36,7% | 39,5% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld............................................ | 54,2% | 48,3% | 48,8% | 44,6% |
| Annar rekstrarkostnaður.............................................. | 37,9% | 31,4% | 39,2% | 30,9% |
| Afskriftir...................................................................... | 3,8% | 3,6% | 7,4% | 7,2% |
| Fjármagnsliðir, nettó.................................................... | 2,7% | 3,3% | 5,0% | 9,1% |
| | 98,6% | 86,6% | 100,4% | 91,8% |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)..................................... | 1,5 % | 13,4 % | ( 0,5% ) | 8,1 % |
| ***Í krónum á íbúa*** | | | | |
| Rekstrartekjur samtals.......................................................... | 374.711 | 392.242 | 434.144 | 439.778 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir................................... | 369.426 | 339.985 | 435.897 | 403.650 |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)..................................... | 5.285 | 52.257 | ( 1.753 ) | 36.128 |
| | Ársreikningur 2002 | Ársreikningur 2001 | Ársreikningur 2002 | Ársreikningur 2001 |
| Eignir........................................................................... | 594.304 | 559.744 | 925.509 | 944.880 |
| Eigið fé........................................................................ | 240.462 | 235.346 | 301.129 | 303.101 |
| Skuldir og skuldbindingar............................................ | 353.843 | 324.397 | 624.380 | 641.779 |
| ***Aðrar lykiltölur:*** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir............. | 0,91 | 1,02 | 0,90 | 0,57 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn.................. | 0,40 | 0,42 | 0,33 | 0,32 |

### Önnur atriði

| 40. Breyting á íbúafjölda: | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. desember................................................. | 4.165 | 4.162 | 4.183 | 4.190 |